

Skipulagsfulltrúi
Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



Reykjavík 28. janúar 2016
UST201512-128/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi í Höfn, Sveitarfélaginu Hornafjörður. Útbær, Ósland.

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjörður er barst 18. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi Útbæjar og Óslands í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Skipulagssvæðið er alls 28 ha og nær frá rótum Afkastahóls á Sandeyri vestan við hafnarsvæðið, suður um vesturhluta Óslands.

Náttúruminjar

Innan marka ofangreinds deiliskipulags liggur fólkvangurinn Ósland. Skv. auglýsingu um fólkvanginn frá 31. janúar 2011 er hann 16,9 ha að stærð. Að mati Umhverfisstofnunar ættu helstu áhersluatriði friðlýsingar svæðisins að koma fram í deiliskipulaginu s.s. að allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Umhverfisstofnunar. Einnig er mikilvægt að fram komi hvað felst í friðlýsingunni.


Lóðir innan fólkvangs

Innan fólkvangsins eru staðsettar lóðir, önnur er lóð og byggingarreitur fyrir bragga sem má endurbyggja, og hin er lóð skilgreind utan um bátaskýli sem er á staðnum. Einnig kemur fram að heimilt er að byggja bryggju eftir ljósmyndum innan byggingarreits. Að mati stofnunarinnar ætti að koma fram að framkvæmdir eru háðar leyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Umhverfisstofnunar, sjá ofangreint.


Lóðir og byggingarreitir

Að mati Umhverfisstofnunar fer vel á því að tveggja hæða hús eru áætluð næst miðbænum, en nær fólkvangi eru áætlanir um eins hæða hús.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að framkvæmdir á svæðinu falli vel að umhverfinu og að svæðið hafi yfir sér svip vandaðs frágangs svo ekki komi til sjónrænna áhrifa er gætu haft neikvæð áhrif á aðkomu að fólkvangi.


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur